

Nd.

104. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Akranesi.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttattu þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Akraness.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni nmhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hættu stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna-anna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 1 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Akraneskaupúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarflr hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði horguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við hryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölul. 2 a, b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjulíðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlök, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lög-reglumál.

Greinargerð.

Á almennum hreppsfundi, sem haldinn var á Akranesi í s. l. janúar-mánuði, var samþykkt í einu hljóði svo hljóðandi tillaga:

»Almennur hreppsfundur á Akranesi 11. jan. 1930 felur hreppsnefnd og hafnarnefnd að vinna áfram að nndirbúningi hafnarbóta á Krossvík á Akranesi, á þeim grundvelli, sem lagðr er með hafnarppdrætti og kostnaðaráætlun vitamálastofninnar. Jafnframt þessu felur fundrinn hreppsnefnd og hafnarnefnd að leita stuðnings þings og stjórnar til framkvæmda hafnarbótanna«.

Í tilefni og framhaldi af þessari samþykkt hefir hreppsnefnd og hafnarnefnd Ytri-Akraneshrepps skrifað mér eftirfarandi bréf:

»Með skírskotun til samþykktar, sem gerð var á almennum hreppsfundi, er haldinn var 11. jan. 1930, til að ræða hafnarmál Akraneskanptúns, felnu vér yðr, herra alþingismaður, að flytja á Alþingi því, er í hönd fer, frnm-

varp til laga um hafnargerð á Krossvík á Akranesi, samkvæmt oppdrætti og kostnaðaráætlun, sem vitamálastjórnin hefir gert.

Akranesi, 16. jan. 1930.

Virðingarfyllst.

Í hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps: Í hafnarnefnd Ytri-Akraneshrepps:

Jón Sigmundsson, Oddviti.
Árni Bergþórsson,
Jón Jónsson,
Þorsteinn Briem,
Ólafur B. Björnsson.

Ólafur B. Björnsson,
Ármann Halldórsson,
Sigurður Hallbjarnarson,
Haraldur Bóðvarsson.

Það eru nú liðin fjögur ár síðan byggð var bryggja við bátalegna Lambhússund á Akranesi. Þessi lendingarbót gerði íbúnum kaupsins það kleift að stunda fiskveiðar heiman að á vélbátum á vetrarvertíðinni. Áður urðu þeir að sækja sjó frá öðrum veiðistöðvum við snúanverðan Faxaflóa á þessum tíma árs, einkum Sandgerði.

Reynslan hefir sýnt það, að þan fiskimið, sem sótt er á af Akranesi á þessum tíma, eru fullkomlega jafnfiskisæl og þau mið, sem sótt er á frá veiðistöðvunum snúanverðu flóans. Það kom og þegar í ljós, að þessi nýju Akranesingamið tóku hinum stórlega fram um það, að veiðarfærslit er þar miklu minna, sökum þess, að botninn er þar sléttari og minni straumur.

Bátalegunni á Lambhússundi er þannig háttað, að innsigling er þar mjög slæm og hættuleg í brimum, enda oft með öllu ófær. Sjálf er sundið svo grunnt, að stærri vélbátar taka þar niðri um stórstraumsfjöru. Þetta er því hættulegra, þar sem botninn er óhreinn, steinar á víð og dreif og auk þess stórt sker í miðju snundinn, og að töluverður öldugangur getur orðið þar um fjöru, þegar brim er og vindur stendur af útsuðri.

Þegar svo stendur á, verður mjög mikill sjógangur á snundinn, þegar hásjávað er, og er þá bátum þar mjög mikil hættu búin, enda hefir það oft komið fyrir undir þessum kringumstæðum, að bátarnir hafa dregið akkerin úr stað, rekizt hver á annan og stundum slitnað upp með öllu og rekið á land.

Auk þeirra annmarka á Lambhússundi, sem nú hefir verið lýst, þá er það svæði, sem tiltökumál er að nota fyrir bátalegu þarna, tiltölnlega mjög lítið.

Það er nú svo komið útgerð á Akranesi, að það er gersamlega ómöglegt að koma fyrir fleiri bátum en nú eru á snundinn.

Og því aðeins þótti tiltökumál að hafa þar þann bátafjölda, sem þar er nú, að á síðastliðnu sumri var lagt í ærinn kostnað við að leggja botnfestar um sundið, svo hægt væri að nota legusvæðið út í yztu æsar.

Auk vélbátanna eru nú gerð út frá Akranesi tvö gulfuskip á línuveiðar. Þau fljóta ekki inn á Lambhússund og þess vegna ekki hægt að afgreiða þan þar heima eins og nú er ástatt, nema þegar gott er veður.

Þar sem bátalegan á Akranesi er nú fullskipað, þá er þar með fyrir það

girt, að hægt sé að færa þar nokkuð út kvíarnar með vélbátáútgerðina frá því sem nú er.

Þá ankningu, sem hér eftir kynni að verða þar á fiskiflotanum, yrði þess vegna að byggja á því, að gera bátana út frá veiðistöðvunum sunnan flóans, ef þess væri þá kostur. En reynslan hefir sýnt Akurnesingum það mjög greinilega, hver geysimunur er á því, að þurfa að stunda fiskiveiðar í öðrum veiðistöðvum, og á hinu, að hafa aðstöðu til þess að leggja aflann á land heima fyrir.

Nú er þegar fengin reynsla fyrir því, að af Akranesi er gott til sóknar á hin aflasælustu og að öðru leyti beztu fiskimið, sem enn eru þekkt við Faxaflóa, og sú framþróun, sem orðið hefir í útgerðinni þar seinustu árin, sýnir ljóslega, að Akurnesingar hafa ekki látið undir höfnuð leggjast að færa sér þessa aðstöðu í nyt.

Eins og nú er komið er hafnleysið á Akranesi til hins mesta hnekkis, ekki einnigis fyrir það byggðarlag, heldur fyrir alla þá menn víðsvegar af landinu, sem árlega stunda fiskiveiðar á Faxaflóa á vetrarvertíðinni, og tvímælalaust mnnu kosta kapps um að nota þá góðu aðstöðu, sem þar er til fiskveiða, ef þar væri gerð höfn.

Það er af þessum ástæðum, þessari knýjandi nauðsyn, að vaknaður er almennur áhugi fyrir því á Akranesi að gera þar höfn.

Það hafa verið gerðar ítarlegar athuganir á því, hvar tiltækilegast væri að gera hafnarbætur á Akranesi. Hefir í því efni sérstaklega komið til athugunar endurbætur á bátalegunni á Lambhússundi, sem er vestanverðu við Skagann, og möguleikar á hafnarbótum á Krossvík, sem er að sunnanverðu. Það kom brátt í ljós, að ekki væri tiltækilegt að gera neinar hafnarbætur á Lambhússundi, sem nokkur úrlausn til frambúðar væri fólgin í, þegar af þeirri ástæðn, að ekki er hægt að dýpka snndið, sökum þess hve botninn er harður og að innsiglingin á sundið er grunn og að þar er mjög brimasamt. Á Krossvík aftur á móti er innsiglingin ágæt, mikið dýpi og botninn svo sem bezt verður á kosið i skipalegu. Krossvík er opin fyrir landsynningi og sunnanátt, og er því engum skipnum viðvært þar nú, þegar sunnanáttir ganga. Við mjög ítarlega rannsókn, sem gerð hefir verið á því af verkfræðingum, hvar tiltækilegast þætti að byggja höfn við Krossvík, hefir vitamálastjóri komið að þeirri niðurstöðn, að heppilegast væri að byggja garð fram af svokölluðum Akursklettum um 135 m. frá flóðlínu, en þaðan breyti garðurinn stefnu í anstnordur yfir 5—6 m. dýptarlínu, og verður sá hlnti garðsins um 91 m. langur. Við garðinn verður nægjanlegt dýpi og rúmgott fyrir afgreiðslu stórra skipa, en innan við landlínuna má afgreiða smærri skip og báta.

Fyrir innan garðinn er höfnin; er það rúmgott svæði og skjól í öllum áttum og sléttur sjór. Samkvæmt áætlun vitamálastjórans kostar hafnargarðurinn með bryggjum til að afgreiða við stærri og smærri skip og nmbúnaði í landi 1200000 krónur. Það er óneitanlega mikið í ráðizt að hrinda í framkvæmd svo kostnaðarsömn fyrirtæki sem þessi hafnargerð er, en þegar þess er gætt, hve stórfelldir framfaramöguleikar eru tvímælalaust tengdir við þetta fyrirtæki, þá er það auðsætt, að þessi hafnargerð er hin mesta lyftistöng fyrir sjávarútveginn.

Þá skal loks á það bent, að þó að það hafi svona mikinn kostnað i för með sér að gera góða og tryggja höfn á Akranesi, þá sýna þó rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið á því, hvað kosta myndi að gera svipaðar hafnarbætur í öðrum veiðistöðvum hér við Faxaflóa — þar sem þess er annars nokkur kostur — að þessar hafnarbætur á Akranesi séu tiltölulega langsamlega ódýrastar.

Þegar nú þar við bætist, hversu hagstætt er að sækja af Akranesi á hin beztu og aflasælnstu fiskimið flóans, þá er það ánósætt, að Akranes er fyrir allra hluta sakir kjörið höfuðsetur vélbátaútgerðarinnar við Faxaflóa.